

Óskað er umsagna hagaðila. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar

Til : Afgreiðsla Ráðhúsi <afgreidslaRadhus@hornafjordur.is>
Frá : Áskell Þórisson - LAND <askell.thorisson@landgraedslan.is>
Heiti : Óskað er umsagna hagaðila. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar
Málsnúmer : 202105050
Málsaðili : Landgræðslan
Skráð dags : 06.05.2021 10:28:40
Höfundur : Áskell Þórisson - LAND <askell.thorisson@landgraedslan.is>

??6.5.2021

Ágæti viðtakandi,

Með þessum pósti óskar Landgræðslan, fyrir hönd verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar, eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar. Drög áætlunarinnar og umhverfismatsins liggja fyrir á vefsíðu Landgræðslunnar (sjá: <https://landgraedsluaetlun.land.is/>). Frestur til að skila inn umsögnum er til 14. júní næstkomandi.

Meginmarkmið landgræðsluáætlunar lúta að vernd og endurheimt vistkerfa, vernd kolefnisríks jarðvegs, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri samhliða því að efla líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin setur fram sýn um hvað leggja skal til grundvallar fyrir landgræðslustarfið. Jafnframt er fjallað um hvernig má auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa og nýta land á sjálfbæran hátt, í takt við vistgetu þess.

Með bestu kveðju,
Áskell Þórisson,
Landgræðslunni
?